



Landssamband ungmennafélaga

Reykjavík 4. maí 2017

Umsögn Landssambands ungmennafélaga um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022. 146. Löggjafarþing 2016-2017. Stjórnartillaga.

Stjórn Landssambands ungmennafélaga (LUF) áður Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) hefur tekið ofangreinda þingsályktunartillögu til umfjöllunar og ályktar eftirfarandi um málefna svið 18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál:

Eins og fram kemur í „umfangi“ er tilgangur ungmennafélaga að styðja ungt fólk til þátttöku í ungmennastarfi og skapa aðstæður fyrir ungmenni til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Með þann megingilgang í huga er hvergi fjallað um lýðræðisvitund ungmenna og dræma lýðræðisþátttöku ungs fólks í „Starfsemi og helstu áskoranir“. Í samræmi við tilganginn, fer LUF fram á að tekið verði tillit til þeirrar áskorunar í málaflokknum og að óformleg fræðsluverkefni á borð við #ÉgKýs verði viðurkennd sem verðmæt framlög til að hvetja ungt fólk til virkrar samfélagsþátttöku.

Þá kemur fram í framtíðarsýn að meginmarkmið aðgerða ríkisins á sviði æskulýðsstarfs er að framboð og umgjörð um starfið geri öllum kleift að taka þátt eftir áhugasviði hvers og eins og efla lífsgæði fólks. Telur LUF það gott markmið, en þrátt fyrir það er lítið tekið mið af skipulögðu hagsmunastarfi og réttindabaráttu ungs fólks. Til að mynda heimilar Ríkisskattsstjóri ekki skráningu ungmenna undir 18 ára aldri í stjórn félagasamtaka. Slík umgjörð aftrar ungu fólki til virkrar þátttöku og ákvarðanatöku í málefnum sem þau snerta. Telur LUF að ríkið eigi frekar að beita sér fyrir bættri umgjörð í stað þess að stefna að hagræðingu á grasrótinni. Þá vekur LUF jafnframt athygli á því að félagið hefur það í opinberri stefnu sinni að sameinast Æskulýðsvettvangnum (ÆEV), en gerir kröfu um lýðræðislega kjörna stjórn ungs fólks til þess að standast Evrópskar kröfur.

Stjórn LUF veitti því sérstaka eftirtekt að aðgerðir stjórnvalda til að ná meginmarkmiðinu felast í að „styrkja rekstur heildarsamtaka sem vinna að faglegri umgjörð“ en notar þau ekki sem mælikvarða. Þess heldur er einvörðungu miðað við fjölda skráðra skáta og fjölda skráðra þátttakenda í kristilegu starfi KFUM og KFUK. Eins er einungis notast við leiðtogaþjálfun þessarra félaga sem mælikvarða en ekki þjálfun á vegum heildarsamtakanna LUF og ÆEV sbr. aðgerð stjórnvalda. LUF leggur til að markmið, aðgerðir og mælikvarðar verði samræmt í áætluninni svo unnt sé að taka marktæk mið af henni.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar,
Tinna Isebarn,
Framkvæmdastjóri LUF
tinna.isebarn@youth.is